

Áhættustefna STEFs

Samþykkt af stjórn STEFs 1. október 2019

STEF setur sér áhættustefnu til að tryggja sem best að meginmarkmiðum samtakanna verði náð og að settum lögum, reglum og samningum sé fylgt. STEF skal uppfylla skilgreind hlutverk samtakanna skv. samþykktum þeirra og taka meðvitaða ásættanlega áhættu í samræmi við stefnu fyrir mismunandi meginþætti starfseminnar. Stjórnun á áhættu samtakanna er mikilvægur þáttur ákvörðunartöku.

Í áhættustefnu þessari er settur fram áhættuvilji stjórnar STEFs og rammi fyrir áhættustjórnun samtakanna. Í skjalinu eru og skilgreind hlutverk og ábyrgðir við áhættustjórnun.

Stjórn STEFs er ljóst að áhættustefnan og áhættustýring byggð á henni snýst jafnan um að finna meðalveg, skilgreina ásættanleg mörk fyrir hverja áhættu og leita bestu mögulegu leiða við stýringu á áhættu samtakanna miðað við markmið og ytri aðstæður hverju sinni.

Markmið áhættustefnu er að:

- Skilgreina og koma á framfæri áhættuvilja stjórnar fyrir meginþætti starfseminnar.
- Stuðla að því að við ákvörðunartöku sé horft til áhættutöku með skilgreindum ramma um stjórnun áhættu.
- Stuðla að skipulagðri greiningu og meðferð áhættu.
- Skilgreina hlutverk og ábyrgðir vegna áhættustjórnunar.
- Upplýsa stjórn og stjórnendur um helstu áhættuþætti sem áhrif hafa á markmið samtakanna.
- Auka vitund um áhættu og áhættustjórnun.

Áhættuvilji skilgreinir umfang og tegund áhættu sem samtökin eru viljug til þess að sækjast eftir eða viðhalda.

Áhættuviljinn skilgreinir jafnvægi í áhættutöku fyrir helstu þætti reksturs samtakanna og hversu mikla áhættu samtökin eru reiðubúin að taka til að auka jákvæð áhrif og minnka neikvæð áhrif fyrir viðkomandi þætti í rekstri samtakanna.

Samtökin skilgreina 5 stig áhættuvilja til viðmiðunar við mat á áhættu sem samtökin vilja sem viðmið í áhættustjórnun sinni:

1. Mikil áhætta — Vilji til að taka mikla áhættu til að nýta tækifæri og jákvæð áhrif aðgerða.
2. Aukin áhætta — Vilji til að taka nokkra áhættu, ef meiri líkur en minni eru á jákvæðum áhrifum aðgerða.
3. Grunnáhætta — Áhætta óbreytt m.v. hefðbundna starfsemi. Áhættuhlutlaus rekstur og hefðbundin meðhöndlun áhættu.
4. Minnkuð áhætta — Nokkur áhersla í að forðast áhættu til að minnka neikvæð áhrif aðgerða.
5. Lágmarks áhætta — Mikil áhersla í að forðast áhættu til að útiloka neikvæð áhrif aðgerða.

Áhættuvilji er skilgreindur fyrir helstu þætti í starfsemi STEFs og skal reglulega meta hvort áhætta skilgreindra þátta sú innan viðmiða.

Mikilvægt er að byrja á því að viðurkenna að almennt telst starfsemi og rekstur STEFs vera áhættufælinn og nær engir þættir sem ættu falla undir aukna eða mikla áhættu.

Rekstrarleg áhætta

STEF leitast við að lágmarka áhættu við starfsemi og rekstur samtakanna. Markmið rekstrar samtakanna er að skila umbjóðendum sínum (réttihöfum) sem hæstum úthlutunum réttindagreiðsla.

Áhættuvilji — Grunn áhætta, þ.e. stig 3 í áhættuvilja.

Mælikvarði — Stöðugleiki í tekjum og gjöldum með eðlilegum vexti í samræmi við efnahagsumhverfi samtakanna og hátt hlutfall innheimtra réttindatekna til úthlutunar til rétthafa.

Fjárhagsleg áhætta

Lánsáhætta viðskiptakrafa er minnkuð með vel skilgreindum ferlum til að innheimta kröfur, þ.m.t. að senda gjaldfallnar kröfur í milliinnheimtu og fylgjast með stöðu krafna. Kröfur skulu ekki sendar í lögfræðinnheimtu sem fyrirsjáanlegt er að litlar líkur eru á að fáist greiddar með tilliti til fjárhagsstöðu viðskiptavinarins.

Markmið samtakanna er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægilegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum, hvort sem er vegna rekstrar eða úthlutana til rétthafa. Laust fé skal ávaxtað með sem tryggustum og áhættuminnstum hætti og viðunandi ávöxtun í samræmi við fjárfestingastefnu samtakanna.

Verðskrá er ákvörðuð af stjórn með það að markmiði að tryggja sanngjarnt endurgjald fyrir umbjóðendur STEFs (rétthafa), sterka fjárhagsstöðu og háværkun úthlutunar til rétthafa, en að sama skapi með tilliti til fjárhagsgetu viðskiptavina og þeirrar staðreyndar að STEF er markaðsráðandi á viðkomandi markaði

Áhættuvilji — Grunn áhætta, þ.e. stig 3 í áhættuvilja.

Mælikvarði — Mælikvarðar á mismunandi sviðum fjármála með skilgreind viðmið.

Lagaleg áhætta

STEF vaktar lagaumhverfið og samninga sem sem samtökin starfa innan og eftir, bæði innanlands og erlendis. STEF reynir að hafa áhrif á þróun lagasetningar á sviði höfundaréttar til hagsbóta fyrir höfunda

Áhættuvilji — Minnkuð áhætta, þ.e. stig 2 í áhættuvilja.

Mælikvarði — Hlýting laga, reglna og samninga.

Umhverfismál

Almenn verndun umhverfisins er samtökunum mikilvæg. Markmið samtakanna er að gera það sem í þess valdi stendur í þeirra daglega rekstri til að draga úr neyslu og sóun og nýta þá umhverfisvænustu kosti sem bjóðast hverju sinni.

Áhættuvilji — Minnkuð áhætta, þ.e. stig 2 í áhættuvilja.

Mælikvarði — Valdir umhverfisvísar.

Upplýsingaöryggi

STEF skal hafa skrásetta ferla um stjórnun upplýsingaöryggis, þ.m.t. innleiðing, notkun og viðhald upplýsingakerfa og rekstur þeirra, þar sem eru sett viðmið varðandi ásættanlega áhættu. Helstu markmið kerfisins eru að tryggja örugga vörslu upplýsinga um skráningar réttinda, úthlutunar og bókhalds og tryggja eftir því sem við á að upplýsingar séu réttar, tiltækar og að trúnaðar sé gætt.

Áhættuvilji — Minnkuð áhætta, þ.e. stig 2 í áhættuvilja.

Mælikvarði — Tiltækileiki, rétt gögn og trúnaður upplýsinga.

Starfsmannamál

Það er stefna STEFs að hafa ætíð á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki sem býr yfir nauðsynlegri kunnáttu til að tryggja gæði starfsemi samtakanna. Leitast er við að hæfileikar starfsmanna fái notið sín í starfi og jafnréttis sé gætt í hvívetna og hafa samtökin sett sér sérstaka jafnréttisstefnu auk stefnu gegn einelti, kynferðislegri áreitni o.fl. Gagnvirk upplýsingamiðlun skal vera milli starfsmanna og samtakanna auk þess sem áhersla er lögð á þátttöku starfsmanna í þróun starfseminnar.

Mikilvægt er að þekking viðhaldist innan fyrirtækisins við eðlilega starfsmannaveltu. Starfsaðferðir og verklag skal skjalfest og slíkar upplýsingar hafðar aðgengilegar fyrir starfsmenn til að tryggja yfirfærslu þekkingar.

STEF vinnur markvisst að starfsmannaþróun og endurmenntun þannig að starfsmenn hafi yfir að ráða bæði mikilli reynslu og að þeir bæti stöðugt við sig þekkingu.

Áhættuvilji — Grunn áhætta, þ.e. stig 3 í áhættuvilja.

Mælikvarði — Ánægjuvög starfsmanna, menntun, starfsþróun og starfsmannavelta.

Ábyrgðir og hlutverk

Helstu ábyrgðir og hlutverk vegna stefnu og framkvæmd áhættustjórnunar eru eftirfarandi:

Stjórn:

- Stjórn STEFs samþykkir áhættustefnu og ber megin ábyrgð á að áhættu sé stjórnað innan samtakanna.
- Stjórnin ákvarðar áhættuvilja STEF fyrir helstu áhættuþætti samtakanna í samræmi við ramma fulltrúaráðs um tiltekin störf stjórnar STEFs.
- Stjórn skal tryggja að nægjanlegum fjármunum og tíma sé varið í virka áhættustýringu og áhættumat þannig að innan samtakanna sé yfirsýn yfir helstu áhættuþætti.
- Stjórnin framselur framkvæmd áhættustjórnunar til framkvæmdastjóra í samræmi við skilgreinda ferla / áhættustjórnkerfi félagsins.

Framkvæmdastjóri:

- Stjórn felur framkvæmdastjóra daglega stjórnun áhættu hjá samtökunum. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að greina, mæla og hafa eftirlit með áhættu sem starfseminni fylgja.

- Framkvæmdastjóri framselur framkvæmd áhættustjórnunar til stjórnenda/starfsmanna í samræmi við starfslýsingar þeirra.

Upplýsingagjöf

Á vettvangi stjórnar skal reglulega fjallað um eftirfarandi þætti:

- Helstu áhættu í starfsemi STEF.
- Staðan miðað við mælikvarða áhættuvilja og breytingar.
- Umfjöllun um framtíðahorfur varðandi áhættur, áhættumat, sem tekur mið af heildar umhverfi samtakanna.

Gögn

Áhættustefna STEFs skal vera aðgengileg á vef samtakanna. Áhættustefnuna skal kynna fyrir starfsmönnum. Áhættustefnuna skal endurskoða á hverju ári, og oftar ef aðstæður krefjast. Áhættuvilji STEF kemur fram í áhættustefnu.